

Skýrsla

heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára.

Í lýðheilsustefnu til ársins 2030 sem var samþykkt á Alþingi í júní 2021 kemur fram að heilbrigðisráðherra skuli á hverju ári leggja fyrir aðgerðaáætlun til umræðu á Alþingi, þar sem stefnumarkmiðum lýðheilsustefnu verði forgangsraðað til næstu fimm ára. Þetta er fyrsta aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu sem er lögð fyrir Alþingi og gildir hún fyrir árin 2023 til og með 2027. Árlega verður forgangs röðun aðgerða endurmetin í takt við samþykkt fjárlög frá Alþingi.

Í lýðheilsustefnunni kemur fram að leiðarljós lýðheilsustefnu fram til ársins 2030 verði heilsuefling og forvarnir. Með lýðheilsu er átt við heilsueflingu og forvarnir sem miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði fólks og koma í veg fyrir sjúkdóma eins og kostur er. Stefnt er að því að lýðheilsustarf sé markvisst og einkennist meðal annars af þverfaglegu samstarfi heilbrigðisþjónustu og annarra hagaðila, svo sem sveitarfélaga.

Í lýðheilsustefnu til ársins 2030 er mörkuð eftirfarandi framtíðarsýn fyrir lýðheilsustarf á Íslandi:

Lýðheilsustarf verði markvisst, á heimsmælikvarða og einkennist meðal annars af þverfaglegu samstarfi heilbrigðisþjónustu, sérstaklega heilsugæslu, og annarra hagaðila á Íslandi, t.d. sveitarfélögum, með áherslu á heilsueflingu og forvarnir.

Lýðheilsustarf verði metið með því að mæla gæði, öryggi, árangur, aðgengi og kostnað sem og kostnaðarhagkvæmni.

Í lýðheilsustefnu eru sett fram sjö lykilviðfangsefni sem eiga að varða þá leið sem nauðsynlegt er að feta til að styrkja stöðir lýðheilsustarfs á Íslandi og horft er til við uppbyggingu aðgerðaáætlunar:

1. Forysta til árangurs.
2. Rétt þjónusta á réttum stað.
3. Fólkið í forgrunni.
4. Virkir notendur.
5. Skilvirk þjónustukaup.
6. Gæði í fyrirrúmi.
7. Hugsað til framtíðar.

Í júní 2022 skipaði heilbrigðisráðherra verkefnahóp sem hafði það hlutverk að vinna að drögum að aðgerðaáætlun í samræmi við lýðheilsustefnu til ársins 2030, sem meðal annars hvetji fólk til að huga að eigin heilsu. Verkefnahópurinn kallaði fjölmarga aðila sem sinna lýðheilsustarfi á sinn fund og fékk kynningar á ýmsum verkefnum sem hafa áhrif á lýðheilsu með einum eða öðrum hætti. Helstu niðurstöður hópsins voru kynntar á heilbrigðisþingi í nóvember 2022 sem var tileinkað lýðheilsu, með sérstakri áherslu á heilsulæsi en það er mikilvægur áhrifabáttur góðrar heilsu. Í stuttu máli felur heilsulæsi í sér hæfni fólks til að afla sér upplýsinga, skilja þær og nýta á þann hátt sem stuðlar að og viðheldur góðri heilsu.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skilgreinir hugtakið á þann hátt að heilsulæsi geri fólki kleift að taka jákvæðar ákvarðanir. Það feli í sér ákveðið stig þekkingar og persónulegar færni til að grípa til aðgerða til að bæta heilsu einstaklinga og samfélagshópa með því að breyta persónulegum lífnaðarháttum og lífsskilyrðum. Aðgerðaáætlunin byggir á vinnu verkefnahópsins, þeirra tillagna sem fram komu í vinnuhópum á heilbrigðisþingi og stefnumótunarvinnu ráðuneytisins, þ.e. samþykktum stefnum og aðgerðaáætlunum er varða heilsueflingu og forvarnir, t.a.m. heilsueflingu aldraðra, krabbameinsáætlun, geðheilbrigðisstefnu, stafrænni heilbrigðisþjónustu o.fl.

Drög að aðgerðaáætluninni voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Alls bárust sjö umsagnir, frá Landssamtökunum Þroskahjálp, verkefnisstjóra lýðheilsamála hjá Reykjavíkurborg, Krabbameinsfélagi Íslands, embætti landlæknis, námsbraut í sjúkraþjálfun Háskóla Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og doktorsnema í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands.

Í umsögnunum var ánægju lýst með að lögð sé fram aðgerðaáætlun um framkvæmd lýðheilsustefnu. Að auki kölluðu umsagnaraðilar eftir því að rík áhersla yrði lögð á samfellu og samvinnu þvert á svið samfélagsins og málaflokka þar sem ólíkum þörfum einstaklinga og hópa sé mætt með jafnræði fyrir alla samfélagsþegna að leiðarljósi. Auk þess yrði aðgengi og vegvísun að þjónustu og fræðslu í lýðheilsumálum sniðin að ólíkum samfélagshópum. Jafnframt kom fram að mikilvægt væri að hámarka þátttöku eldri borgara í heilsueflingu og sporna gegn aukinni kyrrsetu og hreyfingarleysi barna og ungmenna. Þá gátu umsagnaraðilar um tengsl lýðheilsu við umhverfis- og skipulagsmál, t.a.m. möguleika til virkra samgangna og aðgengi að náttúru til útivistar og hreyfingar. Jafnframt var áhersla lögð á mikilvægi skýrrar stefnumörkunar og aðgerða í málefnum áfengis- og vímuvarna, og varðandi tóbaks- og nikótínvarnir. Að endingu kom fram að mikilvægt væri að huga vel að forgangsriðun aðgerða, ábyrgð á framkvæmd, tímasettri útfærslu og mati á árangri.

Aðgerðaáætlun þessi er uppbyggð með meginviðfangsefni lýðheilsustefnu til hliðsjónar, þ.e. forystu til árangurs, rétta þjónustu á réttum stað, fólkið í forgrunni, virka notendur, skilvirk þjónustukaup, gæði í fyrirrími og að hugsað sé til framtíðar. Verkefnahópurinn leggur áherslu á að þessi viðfangsefni, sem ætlað er að ná til allra laga samfélagsins sem hafa áhrif á lýðheilsu, ná til ríkis, sveitarfélaga, vinnustaða, skóla, félagasamtaka og einstaklinga

Aðgerðir þessarar áætlunar eru settar fram undir viðfangsefnum ásamt stefnumiðum til þriggja og fimm ára.

1. Forysta til árangurs.

Stefnumið til þriggja ára:

- Endurmeta gildandi löggjöf er snýr að lýðheilsu og greina þörf á sérstökum lögum um lýðheilsu. Horft verði til annarra ríkja sem hafa reynslu af lýðheilsulögum. Hafa til hliðsjónar aðra þætti og önnur lög sem jafnframt hafa áhrif á lýðheilsu. Skilgreina með skýrum hætti hlutverk ríkis og sveitarfélaga varðandi lýðheilsu.
- Lýðheilsumat verði hluti af sjálfbærnimati á frumvörpum og þróaðir verði gátlistar.

Stefnumið til fimm ára:

- Þverfagleg samvinna stjórnvalda, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, verði eflað til að virkja grunnstoðir í íslensku samfélagi sem sinna lýðheilsuaðgerðum, svo sem heilsugæslu, öll skólastig, félagsþjónustu og frjáls félagasamtök, til dæmis íþróttahreyfinguna.

- Gerður verði sáttmáli um bættu lýðheilsu þar sem þeir aðilar sem koma að lýðheilsumálum með einum eða öðrum hætti taki höndum saman til að bæta lýðheilsu. Meginmarkmið lýðheilsusáttmálans skulu snúa að betri heilsu, bættri líðan, meiri hamingju, minni einmannaleika og bættri heilsuhegðun, svo sem meiri hreyfingu, minni kyrrsetu, bættri næringu og betri svefn. Mikilvægt er að tryggja að lýðheilsusáttmáli sé aðgengilegur öllum, t.a.m. með því að miðla honum á auðskildu formi. Í lýðheilsusáttmála verði eftirfarandi áherslur hafðar að leiðarljósi:
 1. Jafnrétti og jöfnuður.
 2. Hreyfing, þjálfun, næring, svefn og geðrækt.
 3. Fræðsla og nýjar lausnir.

2. Rétt þjónusta á réttum stað.

Stefnumið til fimm ára:

- Styðja áfram með skipulögðum hætti við verkefni heilsueflandi samfélög, heilsueflandi skóla og aðrar heilsueflandi aðgerðir í sveitarfélögum.
- Viðhalda árangri sem náðst hefur á liðnum árum í að minnka tóbaks- og áfengisnotkun auk þess að vinna markvisst gegn notkun nikótínvara.
- Auka möguleika á hreyfingu og þjálfun á öllum stigum skólakerfisins og á öllum aldurskeiðum.
- Styðja við heilsueflingu eldri aldurshópa. Frumkvöðlar í sveitarfélögum víðs vegar um land fái stuðning til slíkra verkefna.
- Hvatt verði til fræðslu og forvarna í íþróttahreyfingunni til að minnka tíðni hvers kyns meiðsla og álagseinkenna sem geta haft slæm heilsufarsleg áhrif síðar á lífsleiðinni.

3. Fólkið í forgrunni.

Stefnumið til fimm ára:

- Efla fræðslu og vitundarvakningu meðal almennings með það að markmiði að auka heilsulæsi, meðal annars í samvinnu við sveitarfélög, íþróttafélög, skóla, félagasamtök og vinnustaði, um gildi forvarna og heilsueflingar og ábyrgð einstaklings á eigin heilsu.

4. Virkir notendur.

Stefnumið til þriggja ára:

- Efla rafræna upplýsingamiðlun um heilsueflingu og forvarnir. Þróun og sjálfvirkni rafræna lausna Heilsuveru verði eflað og hvatt til aukinnar notkunar.
- Efla heilsueflandi móttöku innan heilsugæslunnar um land allt þar sem boðið verði upp á ráðgjöf um heilbrigðan lífsstíl fyrir einstaklinga og hópa.

5. Skilvirk þjónustukaup.

Stefnumið til fimm ára:

- Lýðheilsusjóður verði eflaður með auknu framlagi til að styðja við mikilvæg lýðheilsuverkefni.

- Endurskoða lög og reglugerðir um lýðheilsusjóð.
- Yfirfara fjárveitingar til lýðheilsuverkefna og styrkja starf sem byggist á vísindum og gagnreyndri þekkingu.
- Kanna aukna möguleika á tengingu við aðrar áætlanir, t.a.m. stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2022–2036 og sóknaráætlanir landshluta.

6. Gæði í fyrirrúmi.

Stefnumið til fimm ára:

- Allt lýðheilsustarf byggi á bestu mögulegu gögnum, mælingum og áreiðanlegri þekkingu.
- Unnið verði að frekari þróun lýðheilsuvísa sem setja megi fram í mælaborði lýðheilsu.
- Komið verði á fót lýðheilsuvakt, samstarfsvettvangi helstu hagsmunaaðila, sem vakti mælaborð lýðheilsu. Með slíkum vettvangi skapast tækifæri til aukins þverfaglegs samstarfs milli opinberra aðila, félagasamtaka og atvinnulífs.

7. Hugsað til framtíðar.

Stefnumið til þriggja ára:

- Endurmeta tillögur að aðgerðum í krabbameinsáætlun til ársins 2030 og hrinda þeim í framkvæmd.
- Hefja skipulagða hópleit að ristil- og endaparmskrabbameinum.
- Innleiða aðgerðir í aðgerðaáætlun um heilsueflingu aldraðra og samþætta við verkefnið „gott að eldast“ sem er heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk.

Stefnumið til fimm ára:

- Stuðla að markvissri gagnasöfnun í lýðheilsustarfi og notkun aðferða sem byggjast á bestu gagnreyndu þekkingu og reynslu. Sérstaklega skal huga að viðkvæmum og jaðarsettum hópum til að geta betur mætt þörfum þeirra.
- Vinna að því að mæta þeim áskorunum sem felast í breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar og leggja áherslu á heilsueflingu og aukið heilsulæsi með sérstaka áherslu á fullorðna á aldrinum 60–80 ára.
- Móta samstarf ríkis og sveitarfélaga um heilsueflingu eldri borgara.
- Styðja við verkefni á sviði loftslagsbreytinga og lýðheilsu.